

Stærðfræði 4. bekkur

Kennarar: Berglind Þóra Haraldsdóttir; Sandra Mjöll Andrésdóttir

4

Skólaárið

2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Í upphafi hverrar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausn leiðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst: Hnitakerfið,

September: Tölur stærri en 1000 og minni en 0 - Samlagning og fráráttur

Október: Tími og klukka

Nóvember: Margföldun og deiling 1

Desember: Samhverfa og mynstur.

Vorönn

Janúar: samhverfa og mynstur, frh.

Febrúar: Ummál og flatarmál

Mars: Margföldun og deiling 2

Apríl: Mælingar og tugabrot - Almenn brot

Maí: Reikningur - Tölfræði

Maí/júní: Upprifjun og námsmat

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi. Leitast er við að nemendur hafi aðgang að hjálpargögnum og að verkefni séu aðlöguð að talnaskilningi hvers og eins.

Námsmat

Námsmat:

Hver lota byggir á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá jafnt og þétt leiðsögn í því hversu vel þeim gengur að ná settum markmiðum. Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Eftir hvern efnisþátt taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður sendar heim í ferilmöppum.

Í lok hvorrar annar eru lagðar fyrir kannanir til að meta hæfni nemenda og í kjölfarið eru matskvarðar sendir heim í ferilmöppum.

Námsgögn

Sproti 4a og 4b, nemendabækur og æfingahefti

Stærðfræðispæjarar 3

Könnum kortin 2

Húrrahefti

Ýmsir vefir og smáforrit

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg viðfangsefni, að þróa lausnaleyðir og á auðvelt með að miðla öðrum af þekkingu sinn. Fundið út hvaða aðferð á best við í orðadæmum og leyst slík dæmi

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu og vasareikna við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Tölur og reikningur

- þekkt gildi talna og sýnir færni í reikniadgerðunum fjórum og námundun
- unnið með tugabrot og almenn brot á ólíka vegu

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Algebra

- fundið óþekkta stærð í dæmum
- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Rúmfræði og mælingar

- notað og beitt aldurssamsvarandi hugtökum rúmfræðinnar

AS Stærðfræði 4. bekkur 2023 - 2025 - Tölfræði og líkindi

- skráð, reiknað og fundið mismun á milli tímasetninga og tímabelta
- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit